

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2019/1758****2019/EES/101/13****frá 23. október 2019**

um breytingu á III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1251/2008 að því er varðar að færa Sameinaða konungsríkið Stóra-Bretland og Norður-Írland og hjálendur krúnunnar á skrá yfir þriðju lönd, yfirráðasvæði, svæði eða hólf þaðan sem leyfður er aðflutningur á sendingum af lagareldisdýrum til Evrópusambandsins (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 2006/88/EB frá 24. október 2006 um heilbrigðiskröfur að því er varðar lagareldisdýr og afurðir þeirra og um forvarnir og varnir gegn tilteknum sjúkdómum í lagardýrum ⁽¹⁾, einkum 22. gr. og 3.mgr. 61. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Hinn 29. mars 2017 lagði Bretland fram tilkynningu um þá fyrirætlan sína að ganga úr Sambandinu skv. 50. gr. sáttmálans um Evrópusambandið. Hinn 11. apríl 2019 samþykkti leiðtogaáráðið ákvörðun (ESB) 2019/584 ⁽²⁾ um að framlengja tímabilið skv. 3. mgr. 50. gr. sáttmálans um Evrópusambandið í samráði við Bretland. Í samræmi við þá ákvörðun hefur tímabilið, sem kveðið er á um í 3. mgr. 50. gr. sáttmálans um Evrópusambandið, verið framlengt enn frekar til 31. október 2019. Þess vegna hætta lög Sambandsins að gilda um og í Bretlandi frá og með 1. nóvember 2019 (hér á eftir nefndur „útgöngudagurinn“).
- 2) Í III. viðauka við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1251/2008 ⁽³⁾ er tekin saman skrá yfir þriðju lönd, yfirráðasvæði, svæði eða hólf þaðan sem leyfður er aðflutningur á lagareldisdýrum til Sambandsins.
- 3) Sameinaða konungsríkið Stóra-Bretland og Norður-Írland hefur lagt fram nauðsynlegar ábyrgðir fyrir landið og fyrir hjálendur krúnunnar, að því er varðar tilteknar vörur, um að uppfylla skilyrðin, sem mælt er fyrir um í reglugerð (EB) nr. 1251/2008 um aðflutning á sendingum af lagareldisdýrum til Sambandsins, frá útgöngudeginum með því að halda áfram að hlíta löggjöf Sambandsins á upphafstímabili sem varir í a.m.k. níu mánuði.
- 4) Með tilliti til þessara tilteknu ábyrgða, sem Sameinaða konungsríkið Stóra-Bretland og Norður-Írland lagði fram, og í því skyni að koma í veg fyrir ónauðsynlega röskun á viðskiptum eftir útgöngudaginn ættu Bretland og hjálendur krúnunnar því að vera færð á skrána yfir þriðju lönd, yfirráðasvæði, svæði eða hólf sem sett er fram í III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1251/2008 þaðan sem leyfður er aðflutningur á sendingum af lagareldisdýrum til Sambandsins.
- 5) Því ætti að breyta III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1251/2008 til samræmis við það.
- 6) Þessi reglugerð ætti að koma til framkvæmda frá og með 1. nóvember 2019 nema ef lög Sambandsins gilda áfram um og í Sameinaða konungsríkinu Stóra-Bretlandi og Norður-Írlandi á þeim degi.
- 7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 270, 24.10.2019, bls. 63. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 270/2019 frá 31. október 2019 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(1) Stjtið. ESB L 328, 24.11.2006, bls. 14.

(2) Ákvörðun leiðtogaáráðsins (ESB) 2019/584 sem tekin var í samráði við Bretland 11. apríl 2019 um að framlengja tímabilið skv. 3. mgr. 50. gr. sáttmálans um Evrópusambandið (Stjtið. ESB L 101, 11.4.2019, bls. 1).

(3) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1251/2008 frá 12. desember 2008 um framkvæmd tilskipunar ráðsins 2006/88/EB að því er varðar skilyrði og kröfur um útgáfu heilbrigðisvottorða við setningu lagareldisdýra og afurða þeirra á markað og innflutning þeirra í Bandalagið og um skrá yfir tegundir smitferja (Stjtið. ESB L 337, 16.12.2008, bls. 41).

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1251/2008 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 1. nóvember 2019.

Hins vegar skal hún ekki koma til framkvæmda ef lög Sambandsins gilda áfram um og í Sameinaða konungsríkinu Stóra-Bretlandi og Norður-Írlandi á þeim degi.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 23. október 2019.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

VIÐAUKI

Töflunni í III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1251/2008 er breytt sem hér segir:

a) Eftirfarandi línur eru bætt við á eftir færslunni fyrir Cooks-eyjar:

„GB	Sameinaða konungsríkið Stóra-Bretland og Norður-Írland	X	X	X		Landið allt
GG	Guernsey	X	X	X		Landið allt“

b) Eftirfarandi línur eru bætt við á eftir færslunni fyrir Ísrael:

„IM	Mön	X				Landið allt
JE	Jersey	X	X	X		Landið allt“